

Stjórnarfundur HRFÍ 22. nóvember 2021

Haldinn kl. 17:30 á skrifstofu félagsins, Síðumúla

Mættir: Daníel Örn Hinriksson, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Helga Kolbeinsdóttir, Marianna Gunnarsdóttir, Anna Guðjónsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Anna María Ingvarsdóttir og Guðný Ísaksen, framkvæmdastjóri.

Gjaldskrá félagsins

Ákveðið að hækka verðskrá félagsins um ca 6% í samræmi við verðlagsbreytingar.

Nordisk Kennel Union

Fundur NKU var haldinn í Helsinki 18. nóvember síðastliðinn. Guðný Ísaksen og Erna Sigríður Ómarsdóttir fóru fyrir hönd félagsins, en formaður forfallaðist. Miklar mannabreytingar í nágrennafélögum okkar. Ánægjulegt að öllum félögum er sambærileg aukning í félagsaðild og skráningum á sýningar. Á fundinum tók Ísland svo formlega við formennsku ráðsins. Næsti fundur verður á Íslandi í mars.

Önnur mál

Fundur fasteignanefndar

Fasteignanefnd fundaði frá síðasta stjórnarfundum. Verið er að skoða hvaða kostir gætu hentað félaginu og félagsmönnum í húsnæðismálum.

Kaup- og fóðursamningar

Stjórn ræddi kaup- og fóðursamninga á Norðurlöndunum, en unnið er að því að útbúa ræktunar- og fóðursamninga til notkunar fyrir félagsmenn.

Umsóknir um deildarsýningar

Stjórn samþykkir (að undanfarinni umsögn sýningarstjórnar) annars vegar umsókn Mjóhunda- og Chihuahua deildar um deildarsýningu og hins vegar umsókn Husky deildar um sumardeildarsýningu.

Fundi slitið kl. 19:00